



# BYGGÐASTOFNUN

## Ákvörðun Á-15/2023

### Breytingar á verðskrá Íslandspóstis ohf. fyrir almenn bréf og magnpóst

#### 1. MÁLSMEÐFERÐ

(1) Þann 30. nóvember 2023 tilkynnti Íslandspóstur ohf. (hér eftir nefndur ÍSP) með tölvuskeyti til Byggðastofnunar um verðbreytingar á þjónustu innan alþjónustu fyrir almenn bréf og magnpóst sem taka skyldi gildi 1. janúar 2024, í samræmi við 1. og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 98/2019 um pósthjónustu. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019<sup>1</sup> skal tilkynna um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu fyrir einstök bréf og pakka upp að 10 kg. með að minnsta kosti 10 daga fyrirvara. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar skal tilkynna breytingar á magnpósti með að lágmarki 30 daga fyrirvara. Tilkynningunum skal fylgja fullnægjandi rökstuðningur.

(2) Tilkynning ÍSP barst eins og áður segir þ. 30. nóvember 2023 til Byggðastofnunar með tölvuskeyti og eru skilyrði 1. og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 98/2019 þannig uppfyllt. Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 18. gr. sömu laga hefur Byggðastofnun 30 daga til að bregðast við tilkynningum um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu.

---

<sup>1</sup> Lög um pósthjónustu <https://www.althingi.is/lagas/153c/2019098.html>

## 2. UM EFTIRLITSHLUTVERK BYGGÐASTOFNUNAR

(3) Byggðastofnun birti á heimasíðu sinni þ. 18. október 2021 stöðuskjal S-1/2021<sup>2</sup>, þar sem farið var yfir þær breytingar er komu til með lögum nr. 76/2021 er eftirlit með pósthjónustu var fært frá Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir nefnd PFS) yfir til Byggðastofnunar. Jafnframt var í stöðuskjalinu fjallað um breytingar á gjaldskrá ÍSP innan alþjónustu og eftirlitshlutverk og úrræði Byggðastofnunar þar að lútandi. Í samantektarkafli stöðuskjalsins segir m.a. eftirfarandi:

*„Með lögum nr. 76/2021 var stjórnýsla póstmála færð til Byggðastofnunar frá Póst- og fjarskiptastofnun sem nú heitir Fjarskiptastofna. Markmið frumvarpsins var ekki að auka vald- og/eða eftirlitsheimildir Byggðastofnunar frá því sem verið hafði.“*

(4) Við mat á gjaldskrá innan alþjónustu skal stofnunin líta til viðmiða laga um viðuráðanleika gjaldskrár og um að hún skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Jafnframt er rétt að hafa í huga markmið frumvarps til laga um pósthjónustu að með því hafi verið opnað eins mikið og talið er ásættanlegt á sveigjanleika markaðsaðila til að breyta þjónustufyrirkomulagi til kostnaðarlækkunar og eða tekjuauka, beint eða á grundvelli reglugerðarheimilda.

*„Þessi viðleitni er rauður þráður í frumvarpinu, þ.e. að koma ekki í veg fyrir nauðsynlegan sveigjanleika fyrir stjórnvöld og markaðsaðila til að bregðast við markaðspróun og öðrum áskorunum sem ógnað geta lágmarkspósthjónustu á hverjum tíma.“*

(5) Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 76/2021 er sagt að tækifæri séu fyrir hendi til að einfalda hlutverk ríkisins þegar komi að póstmálum en gæta verði að byggðasjónarmiðum og jafnræði við slíka einföldun. Byggðastofnun telur mikilvægt að gjaldskrá alþjónustuveitanda endurspegli þetta viðhorf löggjafans og með gjaldskránni sé gætt að því að allir íbúar landsins geti notið pósthjónustu en sé ekki gert það ókleift.

## 3. KRÖFUR TIL GJALDSKRÁR INNAN ALÞJÓNUSTU

### 3.1. VIÐRÁÐANLEGT VERÐ

(6) Kröfur til gjaldskrár alþjónustuveitanda koma fram í 17. gr. laga um pósthjónustu. Í 1. mgr. 17. gr. laganna segir að gjöld fyrir alþjónustu skuli vera viðuráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært

---

<sup>2</sup> Stöðuskjal S-1/2021: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Stoduskjal\\_Byggdastofnunar/s1-2021.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Stoduskjal_Byggdastofnunar/s1-2021.pdf)



sér þjónustuna. Hugtakið "viðráðanlegt verð" hefur nokkrum sinnum komið til skoðunar hjá PFS og Byggðastofnun og vísast til fyrri umfjöllunar um það efni, m.a. í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-1/2021.

(7) Með tilliti til þeirrar umfjöllunar, sem á enn við, verður ekki séð að neina niðurstöðu sé að vænta um það hvað getur talist viðráðanlegt verð.

(8) Í viðauka 1 með tilkynningu Íslandspósts um verðbreytingarnar er að finna samanburð IPC<sup>3</sup> á verði svokallaðra almennra bréfa í lægsta þyngdarflokki í heiminum. Um samanburðinn segir í tilkynningu ÍSP:

*"Eins og sjá má á þeim samanburði er verðskrá ÍSP vegna bréfa í lægsta þyngdarflokki með því hæsta sem gerist ef miðað er þau lönd sem verðlag á Íslandi er helst borið saman við. Með hliðsjón af því sem og þróun magns innanlands er það mat ÍSP að óráðlegt kunni að vera, a.m.k. að svo stöddu, að hækka verðin meira."*

(9) Í viðræðum ÍSP og Byggðastofnunar um væntanlegar verðbreytingar síðastliðið haust kom fram vilji Byggðastofnunar til þess að hlífa almenningi við hækkunum eins og kostur væri en beina þeim frekar að stórnotendum kerfisins.

(10) Byggðastofnun telur að gjaldskrá ÍSP vegna bréfa og magnpósts innan alþjónustu sé viðráðanleg í skilningi póstlaga.

### 3.2. RAUNKOSTNAÐUR AÐ VIÐBÆTTUM HÆFILEGUM HAGNAÐI

(11) Í 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu stendur:

*„Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi."*

(12) Gjaldskrá ÍSP hefur tekið mið af þessu ákvæði

(13) ÍSP hefur þróað kostnaðarlíkan sem byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRAIC) sem hefur verið í stöðugri þróun á undanförunum árum og hafa þær gjaldskrárbreytingar sem hér er fjallað um verið byggðar á nýjustu útgáfu þess. ÍSP tekur fram í tilkynningu sinni:

*„...að ávallt hafi verið litið til fleiri sjónarmiða, en niðurstöðu kostnaðarlíkans félagsins við verðlagningu á einstökum vörum innan alþjónustu. Í sátt ÍSP við Samkeppniseftirlitið nr. 8/2017 hafi þessu verið t.d. lýst með eftirfarandi hætti:*

---

<sup>3</sup> International postal Corporation [www.ipc.be](http://www.ipc.be)

„Í þessu sambandi skiptir máli að algengur bókhaldslegur aðskilnaður þar sem kostnaði er útteilt á grundvelli fyrirfram ákveðinnar skiptingar myndar almennt ekki hagfræðilegan grundvöll til verðákvörðunar fyrir mismunandi þjónustubætti því slík formbundin kostnaðarskipting felur ekki í sér möguleika á að meta raunverulegan viðbótarkostnað einstakra þjónustupátta á hverjum tíma.“

(14) Líkt og áður sé niðurstaða LRAIC líkans félagsins því ekki það eina sem ÍSP hefur horft til við ákvörðun innanhús um einstök verð fyrir almenn bréf innanlands.

(15) Byggðastofnun tekur undir tilvitnuð orð Samkeppniseftirlitsins hvað þetta varðar. Í tilvitnuðu ákvæði 3. mgr. 17. gr. póstlaga segir jafnframt að gjaldskrár skuli taka mið af raunkostnaði en eru ekki bundnar við hann eingöngu heldur kemur fleira til.

## 4. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ OG RÖKSTUÐNINGUR ÍSLANDSPÓSTS

### Rökstuðningur Íslandspósts fyrir einstökum breytingum

#### 4.1. ALMENN BRÉF

(16) Í tilkynningu ÍSP um breytingar á verðskrá fyrirtækisins segir m.a.:

*Samkvæmt 1. mgr. (einstök bréf) 2. mgr. (magnpóstur) 18. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, skal alþjónustuveitandi senda eftirlitsaðila fullnægjandi rökstuðning fyrir þeim breytingum sem gerðar eru á gjaldskrá innan alþjónustu. Enga skýringu er hins vegar að finna í ákvæðinu sjálfu hvað telst fullnægjandi rökstuðningur. Í greinargerð með ákvæðinu er aðeins gefin sú leiðbeining að breytingin skuli vera í samræmi við meginreglur 17. gr. laga um póstpjónustu.*

*Þær meginreglur sem fram koma í 17. gr. eru eftirfarandi:*

- *Að gjöld fyrir alþjónustu eigi að vera viðráðanleg fyrir notendur*
- *Að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði*
- *Gjaldskrá skal vera auðskiljanleg*
- *Gæta skal jafnræðis*
- *Tryggja skal gagnsæi*

*Gjaldskrá ÍSP fyrir almenn bréf er önnur af meginstoðunum undir rekstri dreifikerfis félagsins sem skylt er að halda úti um land allt lögum samkvæmt, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020.*



Í 2. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu er kveðið á um að: „Smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“

Verðskrá ÍSP fyrir aðra þyngdarflokka bréfa hefur verið sú sama hingað til um land allt. ÍSP gerir ekki ráð fyrir að gera breytingar á því fyrirkomulagi. Ástæða þess er m.a. aukið flækjustig, sem og aukinn kostnaður sem það myndi skapa í móttöku og vinnslu. Auk þess er magn póstsendinga í þessum flokkum mjög lítið, eða 11% af öllum póstlögðum bréfum.

(17) Farið er ítarlega yfir magnþróun almennra bréfa og magnpósts síðastliðin ár og athygli vakin á hagræðingaraðgerðum sem fyrirtækið hefur gripið til með það fyrir augum að draga úr kostnaði félagsins og þar með alþjónustuframlagi ríkissjóðs.

(18) ÍSP vekur athygli á því að verðskrá fyrirtækisins verði ekki slitin úr samhengi við útnefningu þess sem alþjónustuveitanda. Frá 1. janúar 2024 verða 36,4% heimila á Íslandi innan svæða sem eru óvirk markaðssvæði hvað varðar dreifingu almennra bréfa, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 og Byggðastofnunar nr. Á-14/2023, og myndi ÍSP þar af leiðandi ekki sinna dreifingu á almennum bréfum á þeim svæðum ef ekki væri um alþjónustukröfu að ræða. Einnig er krafa í lögum um sömu verðskrá um allt land fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu, en kostnaður við dreifingu bréfa er mjög mismunandi eftir landshlutum.

(19) Þrátt fyrir þetta telur ÍSP varhugavert að hækka gjaldskrá almennra bréfa því hún er nú þegar með því hæsta sem gerist. ÍSP segir jafnframt að sama staða sé uppi á Íslandi og annars staðar innan EES, þ.e. að ríki hafi í auknu mæli þurft að greiða hreinan kostnað vegna alþjónustu, óháð reglu 3. mgr. 17. gr. um að hún skuli taka mið af „raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði“.

(20) Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir áframhaldandi hagræðingaraðgerðum á árinu 2024 þar sem dregið verður úr umsetningu þess í takt við minnkandi bréfamagn í dreifikerfum fyrirtækisins.

(21) Fyrirtækið segir þó takmörk fyrir því hve langt er hægt að ganga, enda beri það skyldu til að þjónusta alla notendur pósthjónustu á Íslandi, með tilteknum gæðakröfum og á viðráðanlegu verði, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um pósthjónustu.

#### 4.2. MAGNPÓSTUR

(22) Í tilkynningu ÍSP segir að gjaldskrá vegna magnpósts sem verið hefur í gildi síðan 2012 verði lögð niður og í stað hennar verði veittir magnafslættir af almennri verðskrá. Fyrirtækið rökstyður þessa breytingu sérstaklega í tilkynningu sinni

(23) Þar segir m.a. að með lögum nr. 136/2002 hafi eftirfarandi ákvæði 16. gr. sbr. 2. gr. tekið gildi:

„Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og

*afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega pósthjónustu.“*

(24) Í nógildandi lögum nr. 98/2019 segir:

*„Alþjónustuveitanda er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. Slík gjaldskrá getur tekið til dreifingar um land allt sem og svæðisbundinnar dreifingar. Alþjónustuveitanda er heimilt að miða við ákveðið dreifingarhlutfall bréfa eftir landsvæðum við útreikninga á sérstakri gjaldskrá.“*

(25) Íslandspóstur segir í tilkynningu sinni að nógildandi fyrirkomulag hafi verið nánast óbreytt frá árinu 2012, sbr. ákvörðun PFS nr. 16/2012

(26) Fyrirkomulagið hafi tekið jafnt til stórra fyrirtækja sem sögulega séð hafa verið stórir sendendur almennra bréfa og til svokallaðra söfnunaraðila, sem taldir voru m.a. geta stuðlað að aukningu magns í dreifikerfum alþjónustuveitanda.

(27) Mögulega mætti þó draga í efa að tilkoma söfnunarmarkaðarins, eins og hann þróaðist hér á landi, hafi stuðlað að því að halda uppi póstmagni almennt hér á landi, en Ísland er það land þar sem almennt bréfamagn hefur dregist hvað mest saman. Fækkun almennra bréfa sem og magnpósts hefur verið stöðug í nokkur ár.

(28) Samhliða hafi hagræði ÍSP af þessum viðskiptum farið minnkandi og engar forsendur séu lengur til staðar til að halda í núverandi afsláttarfyrirkomulag.

(29) Í tilkynningu ÍSP segir jafnframt:

*“Fljótlega eftir afnám einkaréttar eða þann 12. mars 2020 tilkynnti ÍSP til PFS, þáverandi eftirlitsaðila, breytingar á hluta af þágildandi afsláttarfyrirkomulagi þegar svokallaðir viðbótarafslættir vegna reglubundinna viðskipta voru lagðir niður, sbr. ákvörðun PFS nr. 16/2020, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2021. Þessar breytingar sem þarna voru gerðar byggðu m.a. á nógildandi lögum um pósthjónustu nr. 98/2019, þar sem rýmkaðar voru þær heimildir sem alþjónustuveitandi, ÍSP, hefur til að útfæra þá afslætti sem fyrirtækið veitir. Í kafla 3 í úrskurði nefndarinnar er farið yfir fyrri ákvarðanir og úrskurði í tengslum við afsláttarkjör ÍSP. Í málsgrein 133 segir nefndin eftirfarandi:*

*„Framangreindar ákvarðanir og úrskurðir PFS og úrskurðarnefnda byggðu á ákvæðum eldri laga nr. 19/2002, um pósthjónustu. Með hinum nýju lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019, sbr. lög nr. 76/2021, voru umtalsverðar breytingar gerðar á ákvæðum laganna, líkt og síðar verður rakið. Verður því að líta til framangreindra ákvarðana PFS og úrskurða úrskurðarnefndarinnar í því ljósi.“*



(30) „Um inntak þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 98/2019, segir nefndin m.a. eftirfarandi:“

„Ekki sé lengur gerð krafa um að reikna þurfi sparnað alþjónustuveitanda af viðskiptum við magnpóstsendingum með sambærilegum hætti og áður, þ.e. að ÍSP þurfi ekki lengur að greina sérstaklega sparnaðinn af viðskiptum fyrirtækisins við magnpóstsaðila, og því sé fordæmisgildi fyrri ákvarðana PFS og úrskurða úrskurðarnefndar um sama málefni takmarkað. Verður að telja þetta lögmætt sjónarmið og tekur úrskurðarnefndin undir að leysa hafi þurft úr málinu með það að leiðarljósi. Þannig stendur eftir, við mat á lögmæti breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu, hvort að gætt hafi verið að meginreglum 17. gr., sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 98/2019.“

(31) „Jafnframt vék úrskurðarnefndin að því að ÍSP hefði fullt forræði á að móta afsláttarfyrirkomulag á hverjum tíma, að með lagabreytingunum hafi verið dregið úr þeim ströngu kröfum sem áður giltu um útreikninga á hinni sérstöku gjaldskrá og að lagagrundvöllur 17. og 18. gr. sé matskenndur.“

(32) ÍSP telur nauðsynlegt er að stíga næsta skref með því að fella úr gildi sérstakt einingarverð fyrir magnpóst, sem í dag er 195 kr. Ein verðskrá verður því fyrir almenn bréf og afsláttur gefinn af henni eftir magni. Þeir afslættir sem verða í gildi frá almennri verðskrá eru eftirfarandi:

Fjöldi bréfa	Afsláttur véfl.	Afsláttur óvéfl.
500-999stk	0%	0%
1000-1999 stk	6%	2%
2000-4999stk	10%	3%
5000-9999stk	12%	4%
<b>Meira en 10.000stk</b>	<b>14%</b>	<b>5%</b>

(33) ÍSP telur skilvirkni vinnslunnar og þar með hagkvæmni almennt orðna óháða því hvenær magnpóstur berst í póstmíðstöð. Með ofangreindri afsláttartöflu er það einnig mat ÍSP að fyrirtækið sé að uppfylla skyldur félagsins samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2020, þar sem m.a. er kveðið á um að ÍSP, sem alþjónustuveitanda, sé skylt að bjóða notendum upp á dreifingu á magnpósti upp að 50 gr., sbr. og 5. mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu. ÍSP tekur fram að til greina komi að endurskoða þessa afslætti síðar á árinu.

### Afslættir bréfa 51-2000 gr.

Fjöldi bréfa	Afsláttur 51-2000
250-499	0%
500-999stk	4%
1000-1999 stk	8%
2000-4999stk	12%
5000-9999stk	16%
Meira en 10.000stk	20%

(34) Eftir breytingarnar er það mat ÍSP að afslættirnir taki betur mið af hlutlægum viðmiðunum og tengist betur umfangi viðskiptanna eins og þau eru í dag.

(35) ÍSP tekur fram að þessar breytingar séu jafnframt gerðar á kostnaðarlegum forsendum því bréfadreifing félagsins er rekin með tapi sbr. kostnaðarlíkan félagsins og fyrirséð er að það verði eins á næsta ári. Framangreindar aðgerðir eru gerðar til að minnka þetta tap og þar af leiðandi mögulegt framlag ríkissjóðs, sbr. 12. gr. laga um pósthjónustu.

(36) Niðurlag rökstuðnings ÍSP á breytingum gjaldskrár er eftirfarandi;

*„Eftir breytingarnar mun það sama gilda, og áður, að veittir afslættir taka jafnt til stærri sendanda og söfnunaraðila, sbr. 1. mls. 5. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu.“*

## 5. SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

(37) Í stöðuskjali Byggðastofnunar nr. S-1/2021 er farið ítarlega yfir hlutverk Byggðastofnunar á sviði póstmála, einkum hvað varðar breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu. Í stöðuskjalinu var m.a. rakið að markmiðið með tilfærslu eftirlits með lögum nr. 76/2021 var ekki að auka eða draga úr eftirlitsheimildum á málefnasviðinu heldur eingöngu tilfærsla verkefnis. Byggðastofnun hefði þannig sömu heimildir og Póst- og fjarskiptastofnun hafði áður, þ.e. fyrst og fremst lögmætiseftirlit, að fylgja því eftir að póstrekendur, alþjónustuveitandi þar með talinn, fylgdu lögum í starfsemi sinni. Þannig er Byggðastofnun ekki heimilt að semja eða breyta gjaldskrá ÍSP en stofnunin skal meta hvort gjaldskráin uppfylli lagaskilyrði og getur krafist úrbóta ef hún telur svo ekki vera.

(38) Eins og gerð er grein fyrir hér að ofan skal gjaldskrá innan alþjónustu uppfylla ákveðin viðmið sem sett eru í 17. gr. laga um pósthjónustu. Í fyrsta lagi skal hún vera viðráðanleg fyrir notendur, sbr. 1.





mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu og í öðru lagi skal hún taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði sbr. 3. mgr. greinarinnar. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. um að smásölugjaldskrá fyrir bréf upp að 50g sé sú sama um allt land er uppfyllt.

(39) Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu er Byggðastofnun heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu. ÍSP hefur þróað kostnaðarlíkan á grundvelli LRAIC aðferðarfræði á undanförunum árum og líkanið var notað við útreikning kostnaðargrundvallar hinnar nýju gjaldskrár fyrirtækisins. Byggðastofnun telur að ekki verði séð að aðrar aðferðir (sem taldar eru upp í 6. mgr. 17. gr.) séu betur til þess fallnar að reikna út eða ákvarða verð á vörum innan alþjónustu en kostnaðarlíkan ÍSP.

(40) Með tilkynningu dags. 30. nóvember 2023 tilkynnti ÍSP um breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins hvað varðar almenn bréf og magnpóst innan alþjónustu. Breytingarnar taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

(41) Verðhækkunarir á þjónustu samkvæmt hinni nýju gjaldskrá fyrirtækisins eru í samræmi við að almennum notendum þjónustunnar verði hlíft við hækkunum eftir megni og stórnotendur beri frekar þann aukna kostnað sem verðlagsbreytingar hafa óhjákvæmilega valdið fyrirtækinu. Þær eru einnig í samræmi við þróun verðlags undanfarið ár fyrir utan hækkun á magnpósti sem rökstudd er sérstaklega í tilkynningu ÍSP.

(42) Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu er alþjónustuveitanda heimilt (en ekki skylt) að setja sérstaka gjaldskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. ÍSP hefur rökstutt það í tilkynningu sinni að ekki séu lengur forsendur fyrir því að viðhalda þessari sérstöku gjaldskrá magnspósts og verði hún því sameinuð gjaldskrá fyrir almenn bréf en afslættir veittir eftir magni.

(43) Byggðastofnun telur að gjaldskrárbreytingar bréfa endurspegli kostnaðarhækkun sem hefur orðið við að veita þjónustuna og fellst á rökstuðning ÍSP hvað varðar afnám sérstakrar gjaldskrár fyrir magnpóst.

(44) Byggðastofnun telur breytingar ÍSP á gjaldskrá hvað varðar almenn bréf í samræmi við meginreglur 17. gr. laga um póstpjónustu sbr. ákvörðunarorð. Byggðastofnun fellst á rökstuðning ÍSP um að ekki sé lengur þörf á sérstakri gjaldskrá hvað varðar magnpóst en áfram verði veittir afslættir frá gjaldskrá almennra bréfa.

## ÁKVÖRÐUNARORÐ


1. Gjaldskrá Íslandspósts ohf. fyrir almenn bréf og magnpóst innan alþjónustu upp að 2 kg., skv. Tilkynningu fyrirtækisins til Byggðastofnunar dags. 30. Nóvember 2023, er í samræmi við meginreglur 17. gr. laga nr. 98/2019.
2. Byggðastofnun staðfestir að ekki verði lengur sérstök gjaldskrá hjá Íslandspósti ohf. fyrir magnpóst en að afslættir verði veittir frá gjaldskrá fyrir almenn bréf fyrir söfnunaraðila og stórnotendur.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðárkrókur, 20. desember 2023

f.h.forstjóra Arnars Más Elíassonar



Hrund Pétursdóttir



Hjalti Árnason

